

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytvaldandi eða skaðlegt æxlun í undirflokk 1A, 1B eða 2, samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Þó má nota efni sem flokkast í undirflokk 2 hafi það verið metið öruggt til notkunar í snyrtivörum af vísindanefnd Evrópusambandsins um öryggi neytenda (SCCS).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/112/EB frá 16. desember 2008 um breytingu á tilskipunum ráðsins 76/768/EBE, 88/378/EBE, 1999/13/EB og tilskipunum 2000/53/EB, 2002/96/EB og 2004/42/EB Evrópuþingsins og ráðsins í því skyni að aðlagð þær að reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og blandna, sem vísað er til m.a. í 1. tölulið í XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012, þann 15. júní 2012.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. apríl 2013.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2013